

**138** mjög skert með launalögum 9. desbr. 1889, sem stjórnin þá mjög svo hikaði 10. nóv. sjer við að staðfesta einmitt af þeirri ástæðu.

Af þessum ástæðum hefur ráðgjafanum ekki þótt hið fyrirliggjandi frumvarp til þess fallið að verða að lögum, og hefur hann því í allra þegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að því sje synjað konungsstaðfestingar, og hefur hans hátign konunginum í dag allra mildilegast þóknazt að samþykkja þá tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusaml. tilkynnt yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**139** Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um synjun konungsstaðfest-  
10. nóv. ingar á lagafrumvarpi um breyting á hluttöku safnaða í veitingu brauða — Með þóknanlegu brjefi dags. 11. nóv. f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hing að lagafrumvarp, sem upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykk- á alþingi 1893, um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veit- ingu brauða.

Viðvíkjandi þessu lagafrumvarpi hafði þjer tekið fram, að breyting sú á núgildandi lagafyrirmælum um hluttöku safnaða í veitingu brauða, sem til sje ætlað með því, sje hvorki meira nje minna en það, að svipta stjórnina öllum áhrifum á kosning presta, og í raun og veru láta söfnuðina eina um þetta að öllu leyti, og hafði auk þess látið í ljósi, að reynsla sú, sem fengizt hafi á þeim rúmlega 6 árum, sem liðin eru síðan lögin frá 1886 gengu í gildi, sýnist ekki mæla með því, að auka áhrif þau, er söfnuðunum með þeim er leyft að hafa á veitingu brauða. Jafnframt því og þjer auk þess hafði skírskotað til þess, að lagafrumvarpið þannig gangi alveg í sömu stefnu eins og lög þau, er alþingi samþykkti 1881 og 1883 um kosningu presta, en var synjað konungsstaðfestingar af þeim ástæðum, sem greindar eru í ráðgjafabrefi 28. júní 1882 og í athugasemdunum við frumvarp það, er stjórnin lagði fyrir þingið 1885 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, hafði þjer lýst því yfir, að þjer fáið ekki sjeð að hið umrædda frumvarp sje til þess fallið að öðlast konungsstaðfestingu.

Þessa skoðun yðar hefur ráðaneytið orðið að fallast á í öllum greinum. Af þeim ástæðum, sem teknar eru fram í umgetnum frumvarpsástæðum og nefndu brefi dags. 28. júní 1882 (Stjt. B. 1882, bls. 118) getur ráðaneytið ekki talið heppilegt það fyrirkomulag, að leggja prestkosninguna að öllu leyti í vald safnaðanna, og þess vegna hefur ráðgjafinn í allra þegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að frumvarpinu sje synjað staðfestingar, og hefur hans hátign konunginum í dag þóknazt allra mildilegast að samþykkja þá tillögu.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.